# Laufblaðið



## Gleðilegt jól!

LAUF

Gefið út af Landssamtökum áhugafólks um flogaveiki

2. tölublað • 14. árg. • 2004

# Laufblaðið

**Ritstjóri**
Jónína Björg Guðmundsdóttir

**Starfsmaður**
Margrét Njálsdóttir

**Auglýsingar og styrktarlínur**
PSN – samskipti ehf.

**Prentvinnsla**
Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Blaðið er sent félagsmönnum og styrktaraðilum
Prentað í 1.500 eintökum

**Gefið út af:**
**Landssamtökum áhugafólks um flogaveiki**



**LAUF**
Hátúni 10b
105 Reykjavík
Sími: 551-4570
Netfang: lauf@vortex.is
Heimasíða: www.lauf.is
Skrifstofan er opin frá klukkan 9.00 til 15.00 alla virka daga.
Upplýsingar, ráðgjöf og fræðsluefni



**Stjórn Laufs**
Guðrún Margrét Björnsdóttir, formaður
Páll Tómas Viðarsson
Þorlákur Hermannsson
Gerður Torfadóttir
Halldóra Steina Biering Garðarsdóttir
Varamenn; Jónína Björg Guðmundsdóttir, Steinunn Ólafsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir

**Lauf á Akureyri**
Jóhanna Gunnlaugsdóttir formaður
Sími: 461-4353



**Forsíða**
HARPAN
eftir Hallstein Sigurðsson myndhöggvara. Birt með góðfúslegu leyfi hans.
Ljósm.: Jónína Björg Guðmundsdóttir




# Efnisyfirlit


| | Bls |
|---|---|
| Frá formanni<br>Guðrún Margrét Björnsdóttir | 3 |
| Börn og unglingar með flogaveiki<br>Jónína Björg Guðmundsdóttir | 4 |
| Hvernig örorka er metin?<br>Úrdráttur úr fyrirlestri Sigurðar Thorlaciusar | 7 |
| Krakkahornið | 12 |
| Flogaveiki í börnum á skólaaldri<br>Ólafur Thorarensen barnalæknir | 14 |
| París 2005 – Alþjóðleg ráðstefna um flogaveiki | 17 |
| Slys vegna floga „sjaldgæfar“ | 119 |
| Sjónarmið einstaklinga með flogaveiki | 20 |
| EYiE8 í Sligo á Írlandi | 23 |
| Flestir „hræddir“ við að ræða við lækna um óhefðbundna meðferð | 25 |
| Sérfræðingar vara við Nitendo tölvuleikjum sem gætu orsakað flogakast hjá ljósnæmum börnum | 27 |


***Óskum öllum lesendum blaðsins gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum stuðning á árinu.***

# Frá formanni

Ágætu félagar. Nú er enn eitt árið á enda runnið og nýtt á leiðinni. Þetta ár var viðburðaríkt í okkar starfi en félagið hélt upp á tuttugu ára afmæli fyrr á þessu ári. Var þá haldin vegleg afmælisveisla að viðstöddum ýmsum góðum gestum. Sérstakir boðsgestir voru forsetinn okkar, hr. Ólafur Ragnar Grímsson og forsetafrúin Dorrit Moussaieff, allir fyrrum formenn félagsins og Sverrir Bergmann taugalæknir. Sverri var veitt sérstök viðurkenning fyrir hans hlut í stofnun félagsins á sínum tíma en hann var mikill hvatamaður að stofnun Laufs og hefur alla tíð síðan verið boðinn og búinn að aðstoða félagið á þann hátt sem hann best getur og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Margt hefur breyst á þeim árum sem Lauf hefur starfað. Undirrituð man þegar stjórnarfundir voru haldnir á einkaheimilum stjórnarmanna, m.a. á heimili foreldra minna og ég man líka eftir því að sjá bókhald félagsins breytt út yfir borðstofuborðið í stofunni heima. Á þeim árum voru félagsfundir haldnir í hinum ýmsu sölum út í bæ t.d. í Gerðubergi en greiðslan fyrir fundarsalinn var í því formi að það var eiginlega ætlast til að við versluðum við kaffiteríuna í fundarhléi. En aðstaða okkar er heldur betur breytt. Við erum komin í fasta leigu með skrifstofuna okkar í húsi ÖBÍ en þar getum við einnig haldið alla félags- og skemmtifundi. Á félagsfundum getum við nú selt kaffi og meðlæti og rennur



*Guðrún Margrét Björnsdóttir.*

ágóðinn til fjölskylduferðar félagsins sem er farinn á sumrin.

Framtíðin er björt en því miður þurfum við að vera á endalausum veiðum eftir fjármagni og er það oft mjög erfitt þar sem margir eru um sömu bitana. En það er ekkert annað að gera en að spýta í lófana og fá nýjar hugmyndir og prófa nýjar leiðir. Ef þú félagsmaður góður lumar á góðri hugmynd endilega hafðu samband við skrifstofuna, öll hjálp er vel þeginn. Fyrir hönd stjórnar sendi ég þér og fjölskyldu þinni bestu jóla- og nýjárskveðju.

*Guðrún Margrét Björnsdóttir,*
*Formaður LAUFS*





# Börn og unglingar með flogaveiki

*Unglinga vantar upplýsingar um flogaveiki*

Um það bil helmingur amerískra ungmenna hefur aldrei heyrt um flogaveiki né lesið neitt um hana samkvæmt nýlegri rannsókn sem samtök flogveikra í Bandaríkjunum gerðu.

Einungis 4% af 19.000 unglingum sem rannsóknin náði til töldu að flogaveiki væri smitandi en önnur 22% voru ekki viss um hvort hún væri smitandi eða ekki og 23% vissu ekki nægilega mikið um flogaveiki til að geta tjáð sig eitthvað um þetta.

Nærri því helmingur unglinganna sagði að þeir myndi ekki segja vini sínum frá því ef þau væru með flogaveiki en um 70% sagði að þau myndu vilja að vinur þeirra segði sér frá því ef hann/hún væri með flogaveiki.

Eric Hargis formaður Epilepsy Foundation í Bandaríkjunum segir að niðurstöður rannsóknarinnar sýni að unglingar, sem hafa ekki upplýsingar um flogaveiki, viðhaldi neikvæðum viðhorfum til hennar.

Neikvætt viðhorf til flogaveiki kemur einnig

greinilega fram í svörum þeim sem gáfu til kynna að yfir 40% unglinga taldi að það, að vera með flogaveiki gerði þau óvinsælli og 37% taldi að það myndi auka líkurnar á því að þeim yrði strítt.

11% þeirra sem voru spurðir sögðu að þau myndi ekki fara út með einhverjum, sem væri með flogaveiki og 44% sagðist ekki vita hvort þau myndu fara út með einhverjum sem væri með flogaveiki.

## *Um unglinga með flogaveiki*

Unglingsárin eru það tímabil sem við erum að breytast úr barni í fullorðin einstakling. Þetta er tímabil mikill breytinga og umgerð þess einkennist af uppreisn, sjálfstæðisbaráttu, styrkingu á sjálfsmynd, tilraunastarfsemi, stefnumótum, möguleika á bílprófi og áhyggjum af framtíðinni. Á þessu tímabili í lífinu skipta viðhorf jafninga miklu máli og þau hafa feikilega mikil áhrif á hugmyndir unglingsins um sjálfan sig. Foreldrar og unglingar deila saman tíma þar sem skiptist á skin og skúrir og samskipin milli þeirra eru nauðsynleg til að tempra þessa ókyrrð. Þetta er áskorun bæði fyrir foreldrana og börnin þar sem þetta er tímabil árekstra og breytinga. Hinar áköfu geðshræringar og tilfinningar unglinsárana eru bæði jákvæðar og neikvæðar, foreldrar eru annað hvort hetjur eða þorparar, bestu vinir eða löggæslumenn einnig er þetta tímabil uppsprettu mikilla væntumþykju eða mikilla vonbrigða. Mörkin sem reyndi á í sjálfsstæðisbaráttu barnsins fyrr í uppeldinu eru þanin og reynir aftur á, á unglingsárunum.

Öldudalir tilfinninga sem unglingar fara gegnum á þessum árum hafa áhrif á alla sem umgangast þá. Tilfinningar eru smitandi. Foreldrar verða að hafa yfirsýn og þeir verða að vera næmir fyrir óöryggi barna sinna, þrýstingi sem barnið kann að verða fyrir frá félögum og þörf barnsins fyrir stuðning. Foreldrar verða að ræða við börn sín um dóp, reykingar, áfengi og kynsjúkdóma. Lykillinn að árangursríkum samskipum er að láta unglinginn finna að hann geti rætt án vandkvæða við foreldra sína um þessi mál. Ef foreldrar setja sig strax í eitthvert dómarasæti skaðar það traustið og hreinskilnina sem þarf að ríkja milli foreldranna og barna þeirra. Jafnvægið er erfitt og vandratað að finna það. Foreldrar þurfa að fræða börn sín og fá þau til að tjá tilfinningar sínar en þeir þurfa að gera slíkt á jákvæðan hátt. Ef unglingur leiðist út í hættulegar eða óábyrgar gerðir, verða foreldrar að taka í taumana en þeir ættu ekki að ana út í aðgerðir þegar þeir sjálfir eru í miklu tilfinningalegu uppnámi. Unglingar vita oftast þegar þeir hafa gert eitthvað rangt og þeim líður ekki vel með það og eru bæði vandræðalegir og vonsviknir vegna eigin gerða.

Á unglingsárunum þurfa ungmennin ekki á því að halda að takast á við eitthvað sem flækir málin enn frekar en flogveikin gerir það einmitt. Á þeim tíma þegar lífið einkennist af stöðugri aðlögun að áhrifamiklum breytingum, líkamlegum, andlegum og félagslegum getur læknisfræðilegt ástand eins og flogveiki raskað hinu hárfína jafnvægi enn frekar. Unglingsárin eru sá tími þegar sjálfsmyndin styrkist og mótast út frá ýktum áhyggjum unglingsins af líkamlegri og félagslegri ímynd sinni. Þó að flogum sé haldið niðri getur flogaveikin valdið mikilli kvöl hjá unglingnum, hræðsla við einangrun, stríðni og hugsanlega niðurlægingu. Hömlur geta ýtt enn frekar undir þá tilfinningu ungmennisins að það sé frábrugðið öðrum.

Unglingur með flogaveiki þarf ekki einungis að standa frammi fyrir því að finna út hver hann er heldur líka að takast á við viðhorf annarra til flogaveikinnar sem hefur mikil áhrif á það hvernig honum tekst að höndla sitt líf.

Umönnun unglings með flogaveiki krefst sérstakrar þolinmæði og skilnings. Ef börnum tekst að komast á unglingsárin með jákvætt sjálfstraust og tilfinningu um eigið sjálfstæði getur það dregið úr áhrifum flogaveikinnar. En flogaveiki getur dregið úr eða skapað vandamál með sjálfstraustið, ýtt undir ósjálfstæði eða orsakað hegðunarvanda á unglingsárum.

Foreldum hættir við að ofvernda börn sín og þeir hika stundum við að hvetja unglinginn til að taka ábyrgð á eigin umönnun. Ef unglingurinn á að komast sem best í gegnum þetta erfiða tímabil og breytast í velheppnaðan fullorðin einstakling þarf hann að læra að taka ábyrgð á eigin veikindum og átta sig á því að flogaveikin tilheyrir honum en ekki foreldrum hans né lækninum. Unglingar þurfa upplýsingar um flogaveiki til að þeir geti tekið ákvarðanir varðandi lífstíl sinn og framtíð og axlað ábyrgð á lyfjameðferð með aðstoð foreldra. Með því að nota lyfjaöskjur þar sem skammtað er fyrir hvern dag er auðveldara bæði fyrir unglinginn og foreldrana að fylgjast með því hvort lyfin séu tekin samkvæmt tilmælum læknis.





### *Hvað hugsa unglingar í raun um flogaveiki?*

Þrátt fyrir að fáar rannsóknir hafa verið gerðar um reynslu barna og unglinga á því hvernig er að vera með flogaveiki virðist sem þau hafi áhyggjur af veikindunum og þessar áhyggjur þeirra geta haft áhrif á tilfinningalegan þroska þeirra. Í rannsókn á börnum sem voru nýlega greind með flogaveiki og foreldrum þeirra voru áhyggjur af viðhorfum til flogaveikinnar mestar. Börnin tjáðu sig um að þau upplifðu sig öðruvísi en jafnaldrar og voru hrædd við stríðni félaganna vegna floga sem þau kynnu að fá fyrir framan vini sína (2). Í annarri stórri rannsókn þar sem könnuð var þekking og viðhorf fullorðinna kom í ljós að flestir vissu mjög lítið um flogaveiki (3). Einnig kom í ljós að fullorðnir einstaklingar með flogaveiki finna fyrir neikvæðum viðhorfum frá umhverfinu. Til dæmis töldu svarendur að fólk með flogaveiki væri hugsanlega félagslega einangrað vegna þekkingarleysis jafnaldra. Aðrir forðast að umgangast einstaklinga með flogaveiki, af ótta við að þeir fái flog, og að þeir viti þá ekki hvernig á að bregðast við.

### *Almenn fræðsla fyrir alla*

Besta leiðin til að takast á við ranghugmyndir og til að eyða þekkingarleysi er fræðsla. Það er eðlilegt að vera hræddur við það sem maður þekkir ekki. Þekking á því hvernig bregðast á við krampaköstum er mjög mikilvæg og eflir sjálfstraust okkar því þá vitum við hvað á að gera og hvað ber að varast, slíkt er góð tilfinning fyrir alla.

Fræðsla um flog og flogaveiki er lykilatriði í baráttunni fyrir breyttum viðhorfum.

*Tekið saman af Jónínu Björg Guðmundsdóttur*

**Heimildir:**

1. www. epilepsy.com
2. Austin J.K. Concerns and fears of children living with seizure. Clin Nursing Pract. Epilepsy 1993; 1:4-6
3. Austin J.K. og samstarfs aðilar, Epilepsy familiarity, knowledge, and perceptions of stigma: report from a survey of adolescent in the general population. Epilepsy & Behavior 2002; 3:368-375.

# Hvernig örorka er metin?

*Greinin er unnin upp úr fyrirlestri Sigurðar Thorlacius, tryggingayfirlæknis (sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum), sem haldinn var á fræðslufundi Laufs þann 21. október s.l.*

Tryggingalæknar á Tryggingastofnun meta örorku þeirra sem sækja um örorkubætur. Læknar sækja ekki um örorku heldur votta þeir einungis ástand umsækjanda. Ekki er nóg að fá einungis læknisvottorð heldur þurfa umsækjendur sjálfir að fylla út umsókn og senda til Tryggingastofnunar. Einnig geta umsækjendur þurft að svara ákveðnum spurningalista sem byggir á örorkumatsstaðli.

### *Lagaákvæði um örorkumat (12. grein almannatryggingalaga)*

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem eru á aldrinum 16 til 66 ára og sem:

a) Hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu

b) Eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.

### *Umönnunargreiðslur*

Foreldrar ungmenna á aldrinum 16-20 ára geta fengið lengingu á umönnunargreiðslum þegar um alvarlega og langvarandi sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun er að ræða. Hafa þarf í huga að enginn getur notið bæði umönnunargreiðslna og örorkubóta vegna sama ungmennis en heimilt að velja þær greiðslur sem eru hærri.

### *Ákvæði um örorkustyrk (13. grein almannatryggingalaga)*

Tryggingastofnun ríkisins skal veita einstaklingi örorkustyrk ef örorka hans er metin a.m.k. 50% eða einstaklingi sem stundar fullt starf ef örorkan hefur í för með sér verulegan aukakostnað s.s. í tengslum við sjúkraþjálfun.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur alla jafna samkvæmt staðli sem læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semur á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar. Staðallinn skal staðfestur af tryggingaráði og birtur í reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur.



*Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir*

### *Örorkumatsstaðall*

Örorkumatsstaðallinn sem stuðst er við var tekin í notkun 1999. Hann er byggður á breskum staðli, „All work test“ (í dag „Personal Capability Assessment“).

Starfshæfni umsækjenda er metin með því að kortleggja líkamlega og andlega færni. Ekki er verið að skoða sjúkdóma og leggja mat á þá sem slíka heldur er lagt mat á hvað umsækjandi getur gert. Staðlinum er skipt í tvo hluta þar sem annars vegar er lagt mat á líkamlega færni, þar sem lágmark er að umsækjandi fá 15 punkta (út frá 14 færniþáttum). Gefin eru stig fyrir eitt atriði í hverjum þætti og þau síðan lögð saman. Þó eru ekki gefin stig bæði fyrir þættina „að ganga á jafnsléttu“ og „að ganga í stiga“, heldur er valinn sá þáttur sem gefur fleiri stig. Hins vegar er mat



*Guðrún Margrét Björnsdóttir formaður Laufs undirbýr kaffisölu á fræðslufundinum*




lagt á andlega færni, þar sem lágmark er að umsækjandi fái 10 punkta til að teljast a.m.k. 75% öryrki.

Nái umsækjandi ekki tilskildum stigafjölda í öðrum hluta staðalsins, getur hann samt verið metinn a.m.k. 75% öryrki, nái hann a.m.k. 6 stigum í hvorum hluta staðalsins fyrir sig.

Það þurfa ekki allir að fylla út spurningalista vegna örorkumatsstaðalsins heldur er það mat lækna Tryggingastofnunar hverjir þurfa þess. Séð er um að þeir umsækjendur sem þurfa að fylla út listann fái hann sendan. Læknar Tryggingastofnunar afla sér stundum einnig upplýsinga um færni umsækjanda á annan hátt, s.s. með því að hringja í lækna sem senda inn vottorð eða í þann sem sækir um örorkubætur. Eða fengið er mat lækna sem starfa sem verktakar Tryggingastofnunar og eru vanir að meta færni fólks. Meiri hluti umsækjanda fer í skoðun hjá þeim og þeir meta færni umsækjanda. Það er tilhneiging sumra umsækjenda að ýkja færni sína og þannig leyna vanda sínum en aðrir ýkja vanda sinn.

Umsækjendur fara ekki í hefðbundna læknisskoðun heldur eru læknar fyrst og fremst að finna hvar vandamálin liggja. Þegar álitsgerð liggur fyrir þá er hægt að meta örorku. Ef fólk nær ekki þeim stigum sem samkvæmt örorkumatsstaðli þarf til að vera metið til 75% örorku fær það örorkustyrk. Það getur skipt miklu máli fyrir fólk að fá 75% örorkumat vegna þess að þá fær það örorkuskírteini en það gefur ýmsan afslátt vegna útgjalda sem sjúkdómar eða fatlanir geta haft í för með sér. Ef umsækjandi er ekki sáttur við niðurstöður lækna Tryggingastofnunar er hægt að koma því á framfæri t.d. með því að leggja fram nýtt vottorð, ræða við lækna Tryggingastofnunar eða umsækjendur geta kært til úrskurðarnefndar

almannatrygginga með því að fylla út ákveðið kærueyðublað. Hægt er að nálgast örorkumatsstaðalinn á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins, www.tr.is.

### Fyrri hluti: Líkamleg færni

Þeir færnisþættir sem skoðaðir eru við mat á líkamlegri færni eru:

1. Að ganga á jafnsléttu
2. Að ganga í stiga
3. Að sitja á stól
4. Að standa
5. Að rísa á fætur
6. Að beygja og krjúpa
7. Að nota hendurnar
8. Að lyfta og bera
9. Að teygja sig
10. Tal
11. Heyrn
12. Sjón
13. Stjórn á hægðum og þvagi
14. Endurtekinn meðvitundarmissir

### Gangur á jafnsléttu – hugsanlegur stigafjöldi

a) getur ekki gengið (15 stig)
b) getur ekki gengið nema fáein skref án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi (15 stig)
c) getur ekki gengið nema 50 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi (15 stig)
d) getur ekki gengið nema 200 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi (7 stig)
e) getur ekki gengið nema 400 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi (3 stig)
f) getur ekki gengið nema 800 metra án þess að nema staðar eða fá veruleg óþægindi (0 stig)
g) engin vandamál við gang (0 stig)

### Síðari hluti: Andleg færni

Þeir færnisþættir sem skoðaðir eru við mat á andlegri færni eru:

- Að ljúka verkefnum
- Daglegt líf
- Álagsþol
- Samskipti við aðra

### Að ljúka verkefnum – hugsanlegur stigafjöldi

1. Getur ekki svarað í síma og ábyrgst skilaboð (2 stig)




2. Situr oft tímum saman án þess að gera nokkuð (2 stig)
3. Getur ekki einbeitt sér að því að lesa tímaritsgrein eða hlusta á útvarpsþátt (1 stig)
4. Getur ekki fundið númer í símaskrá (1 stig)
5. Geðrænt ástand kemur í veg fyrir að umsækjandi sinni fyrri áhugamálum (1 stig)
6. Einbeitingarskortur veldur því að umsækjandi tekur ekki eftir - eða gleymir - hættu sem getur stafað af heimilistækjum eða öðru í umhverfinu (1 stig)
7. Geðshræring, rugl eða gleymni hefur leitt til hættulegra óhappa á undanförnum þremur mánuðum (1 stig)
8. Þarf stöðuga örvun til að halda einbeitingu (1 stig)

### Sérstaklega vegna flogaveiki

Flogaveiki fellur meðal annars undir þann lið (liður 14 í fyrri hluta staðalsins) sem fjallar um endurtekinn meðvitundarmissi eða skerta meðvitund. Þeir sem fá flogakast að minnsta kosti daglega fá samkvæmt staðlinum 15 stig.

### Liður 14. Endurtekinn meðvitundarmissir

Við mat á örorku vegna flogaveiki er stuðst við eftirfarandi þætti sem gefa ákveðin stig.

a) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund a.m.k. daglega (15 stig)
b) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund a.m.k. vikulega (15 stig)
c) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund a.m.k. mánaðarlega (15 stig)
d) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund a.m.k. tvisvar undanfarið hálft ár (12 stig)

actavis
hagur í heilsu

Bílanaust

ÖMMUBAKSTUR

LYFJA

Orkuveita
Reykjavíkur

KB BANKI

ÖBÍ

BÓNUS

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS

Seltjanarneskaupstaður

e) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund einu sinni undanfarið hálft ár (8 stig)
f) ósjálfráður meðvitundarmissir eða breyting á meðvitund einu sinni undanfarin þrjú ár (0 stig)
g) enginn meðvitundarmissir (0 stig)

## *Tíðni örorku vegna flogaveiki á Íslandi*

Þann 1. desember 2002 var fjöldi öryrkja (einstaklingar á aldrinum 16-66 ára) vegna flogaveiki hér á landi 178 einstaklingar eða 110 konur og 68 karlar. Þessar tölur eru byggðar á niðurstöðum rannsóknar sem gerð var fyrir 2 árum. Nú er verið að rannsaka nýgengi örorku.

## *Algengi örorku vegna flogaveiki*

Þann 1. desember 2002 var algengi örorku hér á landi vegna flogaveiki hjá konum: 0,12% (120/100.000 íbúa 16-66 ára) og hjá körlum: 0,07% (70/100.000 íbúa 16-66 ára).

## *Nýgengi örorku vegna flogaveiki undanfarin þrjú ár*

- Konur: 4,3/100.000/ári
- Karlar: 1,4/100.000/ári

## *Lyfjaskírteini*

Einstaklingar með flogaveiki þurfa að nota lyfjaskírteini til að framvísa í apótekum þegar þeir eru að leysa út lyf vegna flogaveiki. Skírteinið gildir í 10 ár og þeir sem framvísa skírteini fá lyf gegn flogum ókeypis.

## *Endurhæfingarmatsteymi*

Hjá Tryggingastofnun starfar endurhæfingarmatsteymi og í því eru endurhæfingarlæknir, félagsráðgjafi, sjúkraþjálfari og iðjuþjálfi. Stundum þarf umsækjandi að fara í viðtal eða skoðun hjá öllum fjórum fagaðilunum. Teymið fer yfir málið og leggur til endurhæfingu. Tryggingastofnun er með samning við Reykjalund og fleiri varðandi atvinnuendurhæfingu.

## *Siglingarnefnd*

Tryggingastofnun hefur gert samkomulag við Mayo Clinic í Bandaríkjunum t.d. vegna skurðaðgerða fullorðinna einstaklinga með flogaveiki. Börn með flogaveiki fara á Childrens Hospital í Boston. Tryggingastofnun greiðir allan kostnað vegna læknisaðgerða þar.

## *Gildistími örorku*

Örorkumat gildir oft í 1, 2, 3, 5 ár eða það er varanlegt til 66 ára aldurs. Þegar endurmat á sér stað þarf að leggja fram nýtt læknisvottorð.

## *Önnur aðstoð við öryrkja*

Öryrkjar geta sótt um til svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra um aðstoð vegna námskostnaðar og vegna verkfæra- og tækjakaupa t.d. vegna tölvukaupa. Hjá Öryrkjabandalagi Íslands eru tveir styrktarsjóðir; Sigríðar Jónsdóttur og Odds Ólafssonar sem styrkja öryrka vegna námskostnaðar. Hægt er að sækja um styrk í hjálparliðasjóð Sjálfsbjargar vegna fargjalds fylgdarmanns, skilyrði er að umsækjandi sé aðildarfélagi. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa Laufs varðandi ýmsar upplýsingar um réttindi vegna veikinda eða örorku.

Dreifing ehf.

# Krakkahornið



Börn með flogaveiki geta tekið þátt í flestum leikjum og íþróttum. Heiti nokkurra íþróttagreina eru falin í stafaruglinu og eru myndir af nokkrum þeirra hér á síðunni. Orðin geta legið frá vinstri til hægri, hægri til vinstri, upp, niður og á ská. Hvað getur þú fundið margar íþróttagreinar?

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| E | Ð | A | J | S | R | Y | A | M | I |
| R | I | S | K | C | U | U | S | N | T |
| T | T | T | L | V | Ð | N | D | B | L |
| Y | L | D | E | B | N | I | D | V | O |
| N | O | T | G | N | I | M | D | A | B |
| U | B | F | Æ | M | N | O | F | L | U |
| I | T | G | Z | E | G | I | G | K | F |
| G | Ó | L | F | R | U | P | S | J | R |
| O | F | H | X | T | R | Ð | H | H | Ö |
| P | P | U | A | L | H | P | P | A | K |











## *Gátuhornið*

*Við erum með nokkra hunda og hundakofa. Ef við setjum 1 hund í hvern hundakofa þá er einn hundur útundan. Ef við svo setjum 2 hunda í hvern hundakofa þá er einn hundakofi tómur. Hvað eru hundarnir margir?*
*Hvað eru hundakofarnir margir?*

Fyrir mörgum árum voru send skilaboð með Morse-merkjakerfi. Punktar og strik voru notuð fyrir hvern staf í stafrófinu. Til dæmis SOS var ...---... Þetta bjargaði mörgum mannslífum. Þú getur sent Morse-skeyti með því að kveikja og slökkva á vasaljósi. Sendu eftirfarandi skilaboð til vinar þíns. Síðan skaltu búa til þín eigin skilaboð.

–/••/•–•• •-/– – – – –  •••–/•/•–•/•–

••–•/•–•/••/•••/–•–  •••–/•/•–•/– – – – –/•–

–•••/•–•–•/•–•/–•  – –/•/– – – – –

••–•/•–••/– – –/– –•/•–/•••–/•/••/–•–/••

•–/– – – – –  –/•–/–•–/•–

•–••/–•– –/••–•/••/–•  •••/••/–•

A •–  B –•••  C –•–•  D –••  E •  F ••–•  G ––•  H••••
I ••  J •–––  K –•–  L •–••  M ––  N –•  O –––  P •––•
Q ––•–  R •–•  S •••  T –  U ••–  V •••–  W •––  X –••–
Y –•––  Z ––••  Þ •••••  Ð ––––––  Ö •–•–•  Æ –•–•–




Myndir A og B eru báðar af heilalínurita. Skoðaðu þær vandlega. Þær líta út fyrir að vera eins en tíu hlutir eru öðruvísi á annarri myndinni. Merktu við þá hluti á mynd B. Þegar þú hefur fundið þá skaltu lita mynd A.

## Grínhornið

**Gulli:** *Hvað er pabbi þinn?*
**Óli:** *Hann er kvefaður.*
**Gulli:** *Ég meina, hvað gerir hann?*
**Óli:** *Hann hnerrar.*

***Sendið okkur lausnir á gátunum. Dregið verður úr réttum lausnum. Þrenn verðlaun í boði fyrir þá sem senda inn fyrir 1. febrúar 2005.***

# Flogaveiki í börnum á skólaaldri

*Ólafur Thorarensen er sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum barna og starfar hjá Barnaspítala Hringsins*



Flog er algengt alvarlegt einkenni í barnataugalæknisfræði. Flog er tímabundin truflun á heilastafsemi vegna óeðlilegrar rafvirkni taugafruma á yfirborði hans eða í heilaberkinum. Það verður samstillt, taktföst og tímabundin afskautun í heilaberkinum sem veldur flogabreytingum (epileptiform discharges) sem sjást á heilariti. Einkenni flogsins eru fjölbreytt og fara eftir staðsetningu þessarar óeðlilegu rafvirkni á yfirborði heilans. Talað er um flogaveiki þegar tvö eða fleiri sjálfvakin flog hafa átt sér stað. Hlutverk lækna er að greina, meðhöndla og leita að orsök flogaveikinnar. Jafnframt er mikilvægt að útskýra fyrir foreldrum og barni í hverju flogaveiki felst og gefa almennar ráðleggingar. Hér verður fjallað um flokkun, einkenni, tíðni, orsakir greiningu og meðferð flogaveiki.

## *Flokkun (Tafla)*

Nákvæm flokkun floga og flogaveiki er mikilvæg til að meta horfur og hjálpa til með lyfjaval. Flogum er skipt í tvo meginflokka eftir einkennum og flogabreytingum á heilariti. Annars vegar eru alflog (generalized seizure). Þar missir barnið meðvitund og flogabreytingar sjást samtímis yfir báðum heilahvelum. Hins vegar eru staðflog (partial seizure). Hér getur barnið haldið fullri meðvitund eða hún skerðist. Flogabreytingar eru staðbundar en geta breiðst til beggja hvela heilans (secondary generalization), en þá missir barnið meðvitund. Hjá börnum er einnig talað um flogaheilkenni (epileptic syndrome). Hér er átt við vissar aldursbundnar flogagerðir sem hafa ákveðnar flogabreytingar, horfur og lyfjasvörun. Innan þessara flokka eru ýmsar gerðir floga. Dæmi um flogaheilkenni eru störuflog, kippaflog í unglingum og rólandísk flogaveiki (sjá neðan).

### *Flokkun floga*

**Alflog (generalized)**

- Krampaflog (tonic-clonic)
- Störuflog (absence, petit mal)
- Kippaflog (myoclonic, JME)
- Fallflog (atonic)

**Staðflog (partial)**

- Einföld (simple partial, fyrirboðar, BRE)
- Samsett/ráðvillu (complex partial, temporal lobe)
- Einföld sem þróast í alflog (secondary generalization)

## *Einkenni*

Alflog koma frá öllum heilaberki samtímis. Algengasta gerð alfloga er krampaflog (tonic-clonic). Í byrjun verður líkaminn stífur (tonic fasi). Barnið missir meðvitund, rekur upp óp, blánar á vörum og fellur til jarðar. Síðan taka við taktfastir kippir (clonic fasi) sem vara í 1 - 3 mínútur. Öndun virðist erfið vegna samdráttar í öndunarvöðvum og barnið missir þvag vegna samdráttar í kviðvöðvum og þvagblöðru. Mikil þreyta kemur í kjölfar krampafloga.

Störuflog (absence) eru algeng gerð alfloga á skólaaldri. Börn með störuflog hafa eðlilegan þroska og flogin hverfa á unglingsárum. Flogin vara í nokkrar sekúndur og koma mörgum sinnum á dag. Börnin stoppa snögglega og stara en hefja síðan fyrri yðju eins og ekkert hafi í skorist. Þetta veldur einbeitingarerfiðleikum vegna þess að meðvitund er skert meðan á þeim stendur.

Kippaflog (myoclonic) og fallflog (atonic) eru sjaldgæfari gerðir alfloga. Í kippaflogi er skyndilegur samdráttur í vöðvum og barn getur misst hluti úr höndum eða dottið til jarðar. Fallflog valda skyndilegu máttleysi og barn dettur snögglega. Kippaflogaveiki hjá unglingum (juvenile

myoclonic epilepsy, JME) er ein gerð kippafloga. Upphaf JME er frá 12 – 16 ára. Hér eru kippaflog aðallega á morgnanna en síðar koma krampaflog að nóttu til. JME er til staðar alla ævi en svarar vel lyfjum.

Staðflog koma frá afmörkuðum svæðum heilabarkarins. Vægasta gerðin er einföld staðflog (simple partial) eða fyrirboðar. Hér eru einkenni margvísleg en meðvitund er alltaf til staðar. Börn geta fengið vöðvakippi, skyntruflanir og ýmsar upplifanir eins og hræðslu og vellíðan. Flogin vara í 10 – 20 sekúndur og börnin muna eftir þeim. Algengasta gerð einfaldra staðfloga er rólandísk flogaveiki (benign rolandic epilepsy, BRE). Rólandísk flogaveiki byrjar á skólaaldri og hverfur á unglingsárum. Börnin hafa eðlilegan þroska og horfur eru góðar. Vöðvakippir koma í andlit og handlegg öðru megin. Stundum fylgir dofi í kinn og tungu. Barnið á erfitt með tal og slefar í nokkrar mínútur eftir flogið. Þessi flogaveiki svarar vel lyfjameðferð, en ef flogin eru sjaldgæf er hennar ekki þörf.

Samsett staðflog eða ráðvilluflog (complex partial) eru upprunnin í gagnaugahluta heilans. Þau byrja með fyrirboða (einföld staðflog). Síðan breiðist flogið til beggja heilahvela og meðvitund skerist. Þá sjást endurteknar, ósjálfráðar og óviðeigandi hreyfingar (automatisms) svo sem smjatt, kyngingar, smellir í vörum og fikt í fötum eða hlutum. Þreyta og uppnám fylgir í kjölfar ráðvillufloga. Alflog getur komið á eftir ráðvilluflogi.

## *Tíðni*

Árlega greinast hér á landi um 40 – 50 börn með flogaveiki. Algengasta gerðin hjá börnum er staðbundin flogaveiki. Talið er að um 5% barna upplifi eitt flog á ævinni. Hins vegar hefur um 1% fólks yngri en tvítugt greininguna flogaveiki. Þegar litið er á nýgengi eftir aldri er það hæst hjá börnum á fyrsta aldursári. Ekki er marktækur munur á tíðni flogaveiki eftir kynjum.

## *Orsakir*

Enginn skýring finnst hjá um 70% barna með flogaveiki. Þau hafa þá eðlilegan þroska og engir undirliggjandi sjúkdómar eða fatlanir eru til staðar. Hér er flogaveikin sjálfvakin (idiopathic). Hjá þriðjungi barna með flogaveiki finnst orsök og þá yfirleitt heilasjúkdómur. Hér er flogaveikin meinvakin (symptomatic). Algengast er að um ör sé að ræða eftir heilaáverka, sýkingar í miðtaugakerfi eða blóðflæðistruflanir til heila. Stundum valda heilaæxli og byggingargallar á heila flogaveiki. Efnaskiptasjúkdómar og eitranir geta valdið flogum. Sum börn hafa arfgenga tilhneigingu til flogaveiki t.d. JME.

## *Flogakveikjur*

Ýmsar aðstæður geta framkallað flog hjá börnum með flogaveiki. Algengast er að það gleymist að taka lyfin. Aðrar vel þekktar kveikjur eru þreyta, veikindi, hungur, streita, blikkandi ljós og áfengi eða vímuefni.

## *Greining*

Sjaldnast sér læknirinn sjálfur flogin. Nákvæm sjúkrasaga með lýsingum barnanna sjálfra eða vitna er því mikilvægasti hluti greiningar á flogaveiki. Margt getur litið út eins og flog en er það ekki. Dæmi um slíkt er yfirlið, næturógnir (night terrors), kækir og æðisköst (rage attacks). Nákvæm lýsing á kastinu greinir á milli ofangreindra atriða og floga. Líkamsskoðun þar sem sérstaklega er litið eftir einkennum heilahimnubólgu og heilaæxlis er einnig mikilvæg. Blóðprufur og mænuvökvarannsóknir eru notaðar í vissum tilvikum.

Besta rannsóknin á flogaveiki er heilarit. Heilarit með flogabreytingum styður greininguna. Þessar breytingar geta horfið á milli floga. Flogabreytingar eru til staðar hjá um helmingi barna sem rannsökuð eru vegna gruns um flog. Eðlilegt heilarit útilokar því ekki flogaveiki. Ýmislegt er gert til að framkalla flogabreytingar á heilariti. Dæmi um þetta er oföndun, blikkandi ljós og þreyta þ.e. börnin eru látin koma ósofin í rannsóknina og heilarit fæst þá bæði í vöku og svefni. Heilarit er líka mikilvægt í flokkun á flogum. Margar flogagerðir hafa dæmigerðar flogabreytingar svo sem störuflog og rólandísk flogaveiki. Heilarit getur einnig gefið vísbendingu um staðbundin sjúkdóm í heila. Þessi rannsókn er nauðsynleg í greiningu á sálrænum krömpum. Hér fá börnin ósjálfráð köst sem líkjast flogum en engar flogabreytingar sjást á meðan á þeim stendur. Greining á þessum krömpum er mjög vandasöm og ber að hafa í huga innri vanlíðan og jafnvel ofbeldi í garð barnanna sem hugsanlega orsök.

Myndgreining á heila er stundum nauðsynleg

sérstaklega ef um staðbundnar flogabreytingar er að ræða. Hún er ekki nauðsynleg í störuflogum eða rólandískri flogaveiki. Auðveldasta myndgreiningin er tölvusneiðmynd af heila. Þetta er fljótleg rannsókn, auðveld og oftast fullnægjandi fyrir börn með flogaveiki. Segulómun af heila er nákvæmari en krefst meiri samvinnu og er tímafrek. Börn yngri en 10 ára þarf að svæfa, því rannsóknin tekur um eina klukkustund og þau þurfa að liggja kyrr. Þessi rannsókn er notuð í uppvinnslu á ráðvilluflogum. Einnig ef staðbundnar flogabreytingar sjást á heilariti en tölvusneiðmynd af heila er eðlileg.

Heilasíriti er löng upptaka heilarits, jafnvel í nokkra daga, með eða án myndbands upptöku. Þessi rannsókn er notuð til staðfestingar á flogaveiki ef köst eru einkennileg eða svara ekki hefðbundinni flogalyfjameðferð. Heilasíriti er einnig notaður þegar meta á hvort heilaskurðaðgerð sé heppileg meðferð á illvígri flogaveiki.



### Meðferð

Með nákvæmri sjúkrasögu, skoðun og viðeigandi rannsóknum er yfirleitt hægt að komast að réttri greiningu. Flogalyf eru oftast fyrsta meðferð við flogaveiki. Eftir fyrsta sjálfvakta flogið er yfirleitt ekki þörf á fyrirbyggjandi flogalyfjameðferð, sérstaklega ef þroski, skoðun og rannsóknir eru eðlilegar. Líkur á endurteknum flogum er þá aðeins um 30%. Flogalyfjameðferð er hafin eftir tvö eða fleiri sjálfvakin flog. Þá eru líkur á fleiri flogum orðnar yfirgnæfandi. Val á flogalyfjum fer eftir gerð flogs eða flogaheilkennis, aukaverkunum og öðrum lyfjum sem barnið er að taka. Flest börn svara vel einu lyfi í hæfilegum skammti með vægum eða engum aukaverkunum. Takmarkið er að meðhöndla með einu flogalyfi sem líklegast er til að virka með sem minnstum aukaverkunum. Mikilvægt er að útskýra fyrir foreldrum að flog geta komið fyrir á meðan verið er að stilla á réttan skammt. Ef eitt lyf dugar ekki til að ná stjórn á flogum er skipt yfir í annað eða öðrum flogalyfjum bætt við. Fjöllyfjameðferð hefur í för með sér aukna hættu á aukaverkunum. Á síðustu 15 árunum hafa komið á markað mörg ný flogalyf sem auðveldað hafa meðferð. Þessi lyf hafa mismunandi eiginleika, en almennt hafa þau færri aukaverkanir. Dæmi um ný lyf sem oft eru notuð eru lamótrigín, tópiramat og oxkarbazepín. Önnur lyf sem sjaldnar eru notuð eru zonisamide, levetiracetam og clobasam. Aukaverkanir flogalyfja eru algengar, oft skammtaháðar og koma gjarnan fram á fyrstu þremur mánuðum meðferðar. Flogalyfjameðferð er hætt ef börn hafa verið flogalaus í meira en tvö ár. Þegar ákveðið er að hætta meðferð er dregið hægt úr lyfinu á nokkrum mánuðum.

Farið er að gera heilaskurðaðgerðir í ríkari mæli til meðferðar og jafnvel lækningar á illvígri flogaveiki hjá börnum sem svara ekki hefðbundinni flogalyfjameðferð. Skurðaðgerð, þar sem fjarlægður er hluti heilans, er sérstaklega árangursrík í meðferð á staðflogum frá gagnaugasvæði heilans. Áður en til skurðaðgerðar kemur þarf barnið að fara í heilasírita, segulómun af heila og fleiri rannsóknir til að staðsetja upptök floganna.

Vagustaugaraförvun (vagus nerve stimulation) er líka notuð til meðferðar á illvígri flogaveiki ef skurðaðgerð er ekki talin heppileg. Hér er leiðslu komið fyrir við vagustaugina í hálsi. Leiðslan er tengd við örvunartæki sem komið er fyrir undir húð á brjóstkassa. Þessi aðferð er notuð sem fyrirbyggjandi meðferð en einnig til bráða meðferðar á flogum.

Áhugi á ketómatarkúrnum (ketogenic diet) hefur vaknað aftur eftir nokkurt hlé. Þessi aðferð var mikið notuð í byrjun síðustu aldar. Í dag er þessi kúr notaður hjá börnum með flogaveiki þar sem lyfjameðferð gagnast ekki og heilaskurðaðgerð er ekki heppilegur kostur. Þessi kúr er mjög fituríkur en lágur í eggjahvítu og kolvetnum. Óljóst er hver verkarmátinn er og langtíma áhrif á æðar og vöxt er óviss. Ketómatarkúrinn gagnast til meðferðar bæði á alflogum og staðflogum. Þessi aðferð er oft árangursrík og stundum er hægt að draga úr flogalyfjameðferð. Yfirleitt er ekki talið ráðlegt að beyta þessum kúr lengur en tvö ár. Áhrif á flogaveikina eru oft viðvarnandi eftir að meðferð líkur.

Almennar ráðleggingar og fræðsla til foreldra er mikilvægur hluti meðferðar. Útskýra þarf hvað flogaveiki er, aukaverkanir lyfja og hvers vegna þörf er á vissum rannsóknum. Kenna þarf fyrstu viðbrögð við flogi. Koma þarf í veg fyrir að barnið slasi sig, losa um fatnað og koma því fyrir í læstri hliðarlegu svo munnvatn og magainnihald fari ekki í öndunarveginn. Hættulegt er að troða einhverju upp í barn sem er í flogi því hætta er á að tennur brotni. Leggja þarf áherslu á að barn með flogaveiki lifi eðlilegu lífi, stundi íþróttir og

aðrar tómstundir óhindrað. Það eina sem ég legg áherslu á er að börnin fari ekki í bað eða sund án þess að vera undir eftirliti fullorðinna vegna hættu á drukknun. Kennarar þurfa að fá vitneskju um sjúkdóminn og mikilvægt er að fylgjast með námsárangri. Sækja þarf um umönnunarvottorð og lyfjakort til Tryggingastofnunar ríkisins. Flog getur haft áhrif á ökuréttindi og er meginreglan sú að ekki má aka í eitt ár eftir flog án fyrirboða. Benda þarf foreldrum og börnum á Lauf (Landssamtök áhugafólks um flogaveiki ) varðandi upplýsingar, fræðslufundi og hópastarf.

### *Horfur*

Flogaveiki er í flestum tilfellum vægur sjúkdómur. Langflestir lifa eðlilegu lífi, eru á einu flogalyfi sem heldur flogum í skefjum án verulegra aukaverkana. Í sjö af hverjum tíu tilvikum hverfur flogaveiki í börnum með aldrinum. Hins vegar hefur flogaveiki veruleg áhrif á þau börn sem svara ekki lyfjameðferð (25 – 30%). Hér koma aðrar aðferðir til greina svo sem heilaskurðaðgerð, vagustaugaraförvun eða ketómatarkúrinn.

Ólafur Thorarensen útskrifaðist frá Læknadeild H.Í. 1988. Stundaði sérnám í barnalækningum við University of Connecticut School of Medicine frá 1992-1995. Undirsérgrein í heila- og taugasjúkdómum barna við Children´s Hospital of Philadelphia, University of Pennsylvania frá 1995 – 1999. Vann sem sérfræðingur við sama spítala frá 1999 – 2001. Ólafur hefur starfað sem sérfræðingur í barnalækningum og heila- og taugasjúkdómum barna við Barnaspítala Hringsins frá 2001 til þessa dags.



# París 2005 – Alþjóðleg ráðstefna um flogaveiki

26. Alþjóðlega ráðstefnan um flogaveiki verður að þessu sinni haldin í París dagana 28. ágúst til 1. september á næsta ári. Um er að ræða þverfaglega ráðstefnu þar sem fjallað er um hin margvíslegu málefni sem tengjast flogaveiki út frá læknisfræðilegum og félagslegum þáttum.

Á ráðstefnunni verða margir fróðlegir og áhugaverðir fyrirlestrar helstu vísindamanna á þessu sviði í dag.

Aðal þema ráðstefnunnar er:




- Kynlíf, hormón og meðganga
- Erfðir og heilkenni
- Lyf, dánartíðni og skurðaðgerðir
- Flog og starfsemi heilans
- Þunglyndi, kvíði og geðsjúkdómar
- Þvermenningarleg sjónarmið í umönnun fólks með flogaveiki
- Flogaveiki og aðrir sjúkdómar í taugakerfinu

